



37. fundur stjórnar LH 2024-2026

19. maí 2025 kl. 19:30

Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Ólafur Þórisson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Jón Þorberg Steindórsson

Fjarverandi: Reynir Atli Jónsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Samþykkt fundargerða 35. og 36. funda
2. Verkefni síðustu vikna frá framkvæmdastjóra og formanni
 - a. Nýr starfsmaður á skrifstofu er Katla Gísladóttir, hún er hefur að hluta til hafið störf en verður í 60% starf frá 1. júní. Hún er starfsmaður mótamála og starfar með keppnisnefnd og fleiri nefndum ásamt því að sjá um vefmiðla LH og fleiri verkefni. Hinrik hefur minnkað starfshlutfall sitt á skrifstofunni niður í 50% og mun eingöngu gegna starfi afreksstjóra.
 - b. Norðurlandamót – búið er að tryggja útflutning á hestum þann 27. júlí. Í lok júní þarf að liggja fyrir hversu margir hestar fara héðan. Þjálfarateymið fylgist vel með árangri knapa á stærstu mótunum.
 - c. Landsmót – sameiginleg boðskort LH, FHB og LM26 verða send á ráðherra og forseta. Fyrirkomulag sýningargreina á landsmóti liggur fyrir en það eru B-flokkur áhugamanna og A-flokkur ungmennaflokks. Enn er verið að vinna í að fá samþykkt á vörumerkinu Landsmót hjá Meta. Þátttakendafjöldi á Landsmóti er 133 keppendur í gæðingakeppni.
 - d. Menntaráðstefna – skráningarfrestur var framlengdur til 1. júní, um 80 þátttakendur skráðir nú þegar.
 - e. Fundarferð Öryggisnefndar um landið – Formaður öryggisnefndar og framkvæmdastjóri LH hafa þegar heimsótt lögregluna í Reykjavík, Austurlandi, Norðurlandi eystra og viðbragðsaðila á Suðurlandi og var alls staðar vel tekið. Eftir er að heimsækja Vesturland, Norðvesturland og Neyðarlínuna. Tilgangur fundarferðarinnar er að ræða fyrstu viðbrögð við hestaslysum, sem oft eru háorkuslys og haga ber viðbrögðum eftir því. Einnig var rætt um rýmingaráætlanir í hesthúsahverfum. Unnið er að því að koma floknum hestaslys í skráningarkerfi lögreglu en hann er ekki til eins og er. Einnig þarf að fræða okkur hestamenn betur um mikilvægi þess að taka hestaslys alvarlega.
 - f. Algengt er að framkvæmdastjóri og formaður fái símtöl og erindi um deilur innan hestamannafélaga og reynt er að veita ráð og aðstoða við að finna málum farveg. Þegar upp koma deilur innan félaga þá er það á ábyrgð stjórna félaganna að lægja öldurnar og leita sátta. Í lögum félaga er kveðið á um að stjórn félagsins geti boðað til félagsfundar til að ræða ákveðin mál. Stjórnir ættu að nýta sér það ákvæði þegar ástæða er til og fá þannig fram vilja meirihluta félagsmanna þegar upp koma deilur.
 - g. NIHC – fundur formanna Norðurlanda verður haldinn í Reykjavík 2. og 3. október í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.



- h. Stefnunótun LH, auglýsingastofa var fengin til að setja upp stefnumótunarskjalið fyrir birtingu á vef LH.

3. Ársreikningur LH 2025 - drög

Gjaldkeri kynnti ársreikning LH 2025. Til samþykktar á næsta fundi.

4. Taðmálin

Hópur um förgun hrossataðs verið starfandi frá síðasta Landsþingi, sá hópur hefur verið leiddur aðallega af fulltrúum frá Spretti og Fáki. Náðist sá árangur m.a. að gjaldskrá Sorpu var lækkuð. Nýlega fréttist af því að stofnaður hefur verið starfshópur á vegum sveitafélaganna á höfuðborgarsvæðinu um taðmálin sem hefur það verkefni að finna lausn á losun hrossataðs. Í starfshópnum sitja fulltrúar sveitarfélaganna, Sorpu og heilbrigðiseftirlita, án aðkomu hestamannafélaganna eða LH. Formaður LH var látinn vita og hefur formlega óskað eftir að fulltrúar hestamanna verði í þessum vinnuhópi.

Afgreiðsla: Formanni LH falið að fylgja þessu fast eftir við formann starfshópsins.

5. Mótahald sumarsins

Stóru mótin eru farin af stað, tvö WR mót eru nú þegar búin. Úthlutun dómara á mótin gekk vel en talsvert verið að endurraða á mótin þegar dómari afboðar sig á síðustu stundu. Upp hefur komið mál varðandi hæfi dómara en skv. siðareglum ber þeim að víkja þegar fjölskyldumeðlimir eru í braut.

Unnur kemur inn á fund.

6. Horseday og Sportfengur

Lokaútgáfa samnings milli LH og HD liggur fyrir og verður lagður fyrir næsta fund til samþykktar.

7. Undirbúningur fyrir Landsþing

- a. Breytingar við lög LH – tillögur frá laganeftnd – *frestað*.

8. Skýrsla um hagstærð hestamennskunar

LH óskaði eftir fundi með KPMG um tilboð í gerð skýrslu um hagspor hestamennskunnar. Mikið hefur verið rætt um gerð skýrslu sem myndi gefa mynd af þeim tekjum sem hestamennska skapar í þjóðfélaginu. Formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri sátu fundinn sem var mjög fróðlegur en KPMG er með mikla reynslu í gerð svona skýrslna. Tilboð hefur borist og nú þarf að finna leiðir til að fjármagna verkefnið. Svona skýrsla mun nýtast greininni vel og hagaðilar innan hestamennskunnar t.d. ferðapjónustan, Háskólinn á Hólum, Bændasamtökin og fleiri þurfa að leggjast á eitt og fjármagna gerð svona skýrslu.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda áfram með verkefnið og fela formanni að hefja viðræður við hagaðila að koma að fjármögnun verkefnisins.

9. Horses of Iceland - staðan

Engin niðurstaða er komin varðandi framtíð verkefnisins. Framkvæmdastjóri Bændasamtakanna ásamt aðilum úr verkefnastjórn munu fylgja eftir samtölum við ráðuneytið.

Afgreiðsla: Formanni falið að heyra í framkvæmdastjóra Bændasamtakatann um stöðu verkefnisins.



10. Skipting reiðvegafjár á Suðvestursvæði – erindi frá Sörla

Efni þessa erindis varðar starf svæðisbundnu reiðveganeftndanna sem starfa í umboði Reiðvega- og samgöngunefndar LH og hvernig mætti byggja undir faglegra starf í nefndunum. Í uppfærðum reglum stjórnar um starf Reiðvega- og samgöngunefndar LH sem voru samþykktar í janúar 2025, segir að nefndirnar skyldu vinna framkvæmdaáætlun fyrir hvert svæði til fjögurra ára í senn og koma sér saman um úthlutun þess fjármagns sem til þeirra rennur frá Reiðvega- og samgöngunefnd LH.

Innan SV-svæðis hefur verið ágreiningur um túlkun þessara reglna, um hvort vinna skuli framkvæmdaáætlun fyrir allt svæðið, eða hvort framkvæmdaáætlun skuli vinna hjá hverju hestamannafélagi.

Sörli óskar eftir svörum við eftirfarandi spurningum:

- Hvers vegna var reglunum breytt í mars 2026? Skerpa á orðalagi til að fyrirbyggja misskilning
- Hvernig nákvæmlega ætlar stjórn LH svæðisnefndunum að vinna?

Jafnframt óskum við eftir að stjórn LH hlutist til um að þær forsendur sem hafa legið að baki úthlutun í reiðveganeftnd SV-svæðis verði gerðar fulltrúum nefndarinnar ljósar.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra og formanni falið að svara spurningum Sörla.

11. Orðalagsbreyting í reglugerð um Landsmót - frá keppnisnefnd

Borið hefur á mistúlkun á reglum um val þátttakenda á Landsmót, að allir sem skráðir séu í úrtöku eigi rétt á að vera fulltrúi síns félags á Landsmóti, en reglan er þannig að ljúka þarf gildri sýningu í úrtöku síns félags til að eiga rétt á landsmótssæti.

Til að fyrirbyggja þannan misskilning leggur keppnisnefnd til að gerð verði breyting á orðalagi í gr. 5 um val keppenda á Landsmót í reglugerð um Landsmót og fjórðungsmót þannig (rautt letur=nýr texti):

5. Val hrossa og keppenda á Landsmót og fjórðungsmót

Þátttakendafjöldi á lands- og fjórðungsmóti miðast við fjölda félagsmanna sem skráðir eru í félagatali hestamannafélaga þann 15. apríl ár hvert.

Val hrossa í gæðingakeppni og keppenda í barna-, unglinga- og ungmennakeppni á lands- og fjórðungsmótum skal fara fram **á úrtökumótum** hjá félögunum eftir lögum og reglum LH um gæðingakeppni og barna- unglinga- og ungmennakeppni.

Til að eiga möguleika á að öðlast þátttökurétt á Landsmóti þarf að ljúka gildri sýningu í úrtöku hestamannafélags.

Með vísan í gr. 10.4 í lögum LH um heimild stjórnar til að breyta reglugerðum milli landsþinga er ofangreind breyting lögð fram til samþykktar stjórnar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

12. Ákvörðun lengdar keppnisbanns - frá keppnisnefnd

Í nýju spjaldareglunum sem samþykktar voru á FEIF-þingi er sett í hendur hvers lands að ákvarða lengd keppnisbanns. Keppnisnefnd leggur til að keppnisbann verði 3 vikur eftir ákv. fjölda spjalda, og bannið gildir frá upphafsdegi móts enda ógildast allur árangur knapans á viðkomandi móti.



Keppnisnefnd leggur til að

- a. ef knapi hlýtur 2 eða fleiri gul spjöld, þrisvar sinnum á sama keppnistímabili verði keppnisbannið 3 vikur. Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.

1. hluti: Gul spjöld

Fjöldi spjalda í sýningu ¹⁾	Skýring	Agaviðurlög / Disciplinary measure				
		Ógild sýning / Elimination			Dæmt úr leik / Disqualification	Keppnisbann / Suspension
		Sýning	Keppnisgrein (hring-völlur)	Keppnisgrein (skeið-braut)		
	Eitt gult spjald (gult)	Nei	Nei	Nei	Nei	Nei
 eða fleiri ²⁾	>=2 gul, gefin af >= 2 dómurum	Nei (almennt) Já (í skeiðgreinum án einkunna)	Nei	Nei	Nei	Nei
 eða fleiri x 3	3 x 2 gul á sama almanaksári	Já	Já	Já	Já	Já (Íslensk regla: keppnisbann er 3 vikur) ³⁾


1) Forkeppni, útslit og spretti í skeiði eða skeiðkeppniðum telst til sýningar.

2) Á eitt og einu af stöðum er gult spjald gefið.

3) Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.

- b. ef knapi hlýtur 2 eða fleiri rauð spjöld, tvisvar sinnum á sama keppnistímabili verði keppnisbannið 3 vikur. Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.

2. hluti: Rauð spjöld

Fjöldi spjalda í sýningu ¹⁾	Skýring	Agaviðurlög / Disciplinary measure				
		Ógild sýning / Elimination			Dæmt úr leik / Disqualification	Keppnisbann / Suspension
		Sýning	Keppnisgrein (hring-völlur)	Keppnisgrein (skeið-braut)		
	Eitt rautt spjald (rautt)	Nei	Nei		Nei	Nei
 eða fleiri ²⁾	>=2 rauð, gefin af >= 2 dómurum	Já	Já	Já	Heimilt	Heimilt (Lengd keppnisbanns ákveðin af LH) ²⁾
 eða fleiri x 2	2x 2 rauð á sama almanaksári	Já	Já	Já	Já	Já (Íslensk regla: keppnisbann er 3 vikur) ²⁾

1) Forkeppni, útslit og spretti í skeiði eða skeiðkeppniðum telst til sýningar.

2) Lengd og gildistími keppnisbanns ákveðast af Úrskurðar- og ávarnefnd LH.

3) Upphaf keppnisbanns miðast við fyrsta dag móts sem knapi hlýtur lokaáminningu á.



Afgreiðsla: Samþykkt.

13. Skipun valnefndar

Ólafur Gunnarsson skipaður formaður. Skrifstofu falið að óska eftir tilnefningu í nefndina frá HÍDÍ, GDLH og FT. og biðja um tilnefningu.

14. Skipun undirbúningshóps um Uppskeruhátíð

Þórhildi Katrínu Stefánsdóttur falið að leiða hóp um Uppskeruhátíð, Sóley Margeirdóttir einnig skipuð í hópinn og þeim falið að finna fleiri í undirbúningsnefnd Uppskeruhátíðar.

15. Skipun fulltrúa LH í Fagráð um hrossarækt – Samþykkt milli funda

Fulltrúi LH í Fagráði um hrossarækt verður Randi Holaker.

16. Skipun nefndarmanns í Öryggisnefnd - frá öryggisnefnd

Öryggisnefnd leggur til að Elfur Gígja Hreggviðsdóttir í Hestamannafélaginu Blæ á Neskaupsstað verði skipuð í nefndina.

Afgreiðsla: Samþykkt.

17. Nýjar starfsreglur Úrskurðar- og aganefndar til samræmis við nýjar agareglur - frá úrskurðar og aganefnd

Starfsreglur Úrskurðar- og aganefndar hafa verið uppfærðar til samræmis við nýjar spjaldareglur.

Afgreiðsla: Samþykkt.

18. Úrsögn úr nefndum

- a. Ragnhildur Gísladóttir, formaður nefndarinnar segir sig úr útbreiðslu- og nýliðunarnefnd
- b. Reynir Atli Jónsson segir sig úr útbreiðslu- og nýliðunarnefnd.

Afgeiðsla: Hilmarí, nefndarmanni í útbreiðslu- og nýliðunarnefnd falið að taka formennsku í nefndinni.

- c. Jón Þorberg Steindórsson segir sig úr starfshópi um endurskoðun reglugerðar um eftirlitsdómara.

19. Athugasemdir við greinargerð Landssambands hestamannafélaga í máli 2/2026 fyrir dómstóli ÍSÍ

LH mun ekki senda inn frekari athugasemdir við greinargerð kæranda.

Afgreiðsla: Samþykkt milli funda.

20. Önnur mál

- a. Starfshópur FEIF um gjald aðildarlanda til FEIF. Tillaga hópsins sem lögð verður fyrir FEIF-þing 2027 er að gjald á hvern félagsmann verði eftirfarandi:
 - 2028 – 1,50€
 - 2029 – 1,80€
 - 2030 – 2,00€
 - 2031 – 2,50€
 - 2032 – 3,00€

Fundi slitið kl. 21:59